

# Fundargerð 87. stjórnarfundar

## Vatns- og fráveitufélags Íslands, VAFRÍ

**Haldinn:** rafrænt á Teams

**Tími:** 22.11.2024 13:30

**Viðstaddir:** Hlöðver Stefán Þorgeirsson (HSP), Sigrún Tómasdóttir (ST), Hrund Ólöf Andradóttir (HÓA), Sigurður Grétar Sigmarsson (SGS), Baldur Dýrfjörð (BD)

### Dagskrá:

#### 1. Upprifjun frá síðustu fundum - yfirferð og samþykkt fundargerða eftir því sem við á

86. fundargerð samþykkt.

#### 2. Hugmyndir um starfið á haustmisseri

HSP leggur til að haldinn verði einfaldur, hnitmiðaður fundur til þess að segja frá því hvað hafi verið samþykkt í Brussel fyrir skömmu. Með áherslu á hvað þetta geti þýtt fyrir okkur og tímalínur o.fl. Breiða út vitneskju um hvað sé í gangi.

Möguleg erindi:

1. Hvað þýðir tilskipunin að óbreyttu m.v. skilyrði í reglugerðinni og hvaða kröfur felur hún í sér
2. Hver verður ferillinn sem tekur nú við fyrir Ísland?

Hver gæti flutt erindin? Hlöðver gæti tekið fyrsta erindið. Óttar sem er að sinna þessu fyrir sveitarfélögin eða Sigurborg sem er fulltrúi stjórnsýslunnar í Brussel. BD sendir Sigurborgu línu og athugar hvort hún hefði tök á þessu, annars heyrum við í Óttari.

Tillaga að tímasetningu gæti t.d. verið 12.desember. Morgunfundur.

#### 3. Önnur mál

ST segist hafa áhuga á því að skipuleggja fræðslufund um áhrif eldgosa á vatnsgæði. Fá erindi frá t.d. heilbrigðiseftirlitinu á Suðurnesjum, HS Orku og Veðurstofunni. Gæti gagnast mörgum veitum, t.d. HEF Veitum vegna mögulegs Öskjugoss.

SGS kemur einnig með hugmynd að fundi um vatnsvernd.

Fundi var slitið klukkan 14:10. Fundarritari: Sigrún Tómasdóttir, [sigrunto@orkuveitan.is](mailto:sigrunto@orkuveitan.is)